

Fundargerð IV. fundur Epsilondeildar

Bókafundur haldinn 13. janúar 2024 kl. 11:00 hjá Elínuborgu á Iðu III Biskupstungum.

1. Margrét Guðmundsdóttir varaformaður setur fund í forföllum Guðríðar Egilsdóttur.
2. Kveikt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
3. Margrét býður gesti velkomna þær Soffíu Sveinsdóttur úr Gammadeild en hún sækir um flutning til Epsilondeildar og Gunnlaugu Hartmannsdóttur úr Kappadeild sem ætlar að sjá hvernig starfið okkar er áður en hún tekur ákvörðun um flutning milli deilda.
4. Elínborg, gestgjafi fundarins sér um nafnakall.
5. Eydís Katla les upp fundargerð síðasta fundar í forföllum Esterar og skrifar fundargerð.
6. Fundarplan Epsilondeildar vor 2024.
 - a. Næsti fundur verður miðvikudaginn 13. mars í Þorlákshöfn og munu félagskonur úr Þorlákshöfn sjá um þann fund. Fundarstaður, tímasetning og skipulag veitinga verður að liggja fyrir a.m.k. viku fyrir fundinn svo hægt sé að auglýsa hann með löglegum fyrirvara.
 - b. Laugardaginn 13. apríl verður fundur í Tryggvaskála kl. 11:00. Félagskonur á Selfossi sjá um þann fund og munu Gammasystur verða gestir okkar.
 - c. Aðalfundur deildarinnar verður í Hveragerði fimmtudaginn 2. maí og þá sjá félagskonur í Hveragerði um fundinn. Á þessum fundi verður kosið til nýrrar stjórnar en Guðríður formaður, Guðrún Sigrýks og Esther munu ganga úr stjórn. Margrét og Eydís Katla gefa kost á sér áfram. Óskað er eftir nýjum konum í stað þeirra þriggja sem hætta í stjórninni og eru konur hvattar til þess að gefa kost á sér. Guðríður hefur ekki fengið nánari fyrirsmæli frá Landssambandinu vegna stjórnarskipta svo ekki er komin uppstillingarnefnd til starfa.
7. Bókafundur, félagskonur segja frá einni bók sem þær hafa lesið á árinu og mæla með. Óskað er eftir því að Sigríður Guðnadóttir skrifi

niður þær bækurnar og setji listann inn á vefsíðuna okkar eins og áður hefur verið gert.

8. Happadrætti, Eydís Katla hreppti vinninginn og Elínborg fékk aukavinning.
9. Fundi slitið, slökkt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Pálínuboð.